



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

ÍSAN1BB05

Íslenska sem annað mál - taláfangi

| |
|--|
| Kennari: Sigprúður Harðardóttir |
|--|

Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður nemendum sem lokið hafa einni önn í íslensku sem öðru máli eða hafa grunnþekkingu sem metin er jafngild einni námsönn. Markmiðið er að ná góðu valdi á framburði og hrynjandi í íslensku máli, að skilja stutta einfalda texta, að læra að beygja algeng sagnorð og auka orðaforða.

Undanfari: ÍSAN1AA05

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem er nauðsynlegur til að ná markmiðum áfangans og hæfniviðmiðum þrepsins
- réttum framburði, áherslum og hrynjandi
- mismunandi tjáningarmáta málsins

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita orðaforða sem hann ræður yfir
- lesa einfaldan texta, greina aðalatriði hans og geta tjáð sig um hann
- beygja algengar sagnir í töluðu máli

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- Tjá skoðun sína
- Miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum

Námsefni

- Íslenska – tölum saman. Kennslubók fyrir byrjendur.
- Orðaspjöld, spil, samtalsspjöld, gagnvirkt efni, hlustunaræfingar, sjónvarpsþættir, kvikmyndir, skáldsaga (léttlestur), dagbók, ljósritað efni, netefni o.fl.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Vika | Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og matsverkefni |
|------|----------------------------|---|--|
| | 18.ágúst- 10.september | <ul style="list-style-type: none"> • Skólinn og atvinna (kennslubók) • Ferðalög, frí, veður, náttúra <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur. Sagnorð.</p> | Ritunarverkefni (ferðaáætlun) Munnleg kynning Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni |
| | 11.september- 8.október | <ul style="list-style-type: none"> • Líkaminn og heilsan (kennslubók) • Íþróttir og hreyfing <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p> | Munnlegt próf Hlustunarverkefni Skáldsaga Ritunarverkefni |
| | 9.október- 5.nóvember | <ul style="list-style-type: none"> • Heimili og umhverfi (kennslubók) • Heimilisstörf, húsbúnaður og tæki <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p> | Ritunarverkefni Munnleg kynning Hlustunarverkefni Skáldsaga Skrifa dagbók og lesa upp. |
| | 6.nóvember- 3.desember | <ul style="list-style-type: none"> • Lokaverkefni <p>Nemendur vinna lokaverkefni um sjálfvalið viðfangsefni. Skrifleg skil og munnleg kynning fyrir samnemendur. Kennslu lýkur.</p> | Ritunarverkefni og munnleg kynning Munnlegt próf Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni |
| | 4.desember- 24.desember | Kennslu lýkur 6. desember. Í vikunni þarf að klára ef einhverjir eiga eftir að ljúka námsmatsverkefnum. | |

Sérreglur áfangans:

Þar sem áfanginn byggir á kennslu í talmáli er ætlast til að nemendur taki virkan þátt í samræðum í kennslustundum. Einnig ber að skila ritunarverkefnum og flytja munnlegar kynningar á þeim.

Námsmat:

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|--------------------|--|-------------|
| Hlustun og áhorf | Hlustunarverkefni og verkefni úr sjónvarpsefni | 20% |
| Ritun og tjáning | Ritunarverkefni og munnlegur flutningur | 20% |
| Virkni og þátttaka | Þátttaka í samræðum, samvinna og virkni í kennslustundum | 30% |
| Munnleg próf | Þrjú munnleg próf á önninni, 10% hvert | 30% |
| Samtals | | 100% |

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Í ágúst 2023

Sigprúður Harðardóttir